

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra,
mánudaginn 25. febrúar 2013, kl. 15.00**

Á fundinn voru eftirtaldir mættir: Björg Baldursdóttir, Guðný Kjartansdóttir, Adolf H. Berndsen, Ragnar Smári Helgason, Bjarni Jónsson og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Menningarlandið 2013

Dagana 11.-12. apríl verður Menningarlandið 2013 haldið á Kirkjubæjarklaustri. Þessi ráðstefna fjallar um framkvæmd og framtíð menningarsamninga landshlutanna og er opin öllum sem tengjast menningarstarfi og menningarferðaþjónustu.

2. Fundur formanna menningarráða landshlutanna og menningarfulltrúa 30.-31. jan. 2013

Lögð fram fundargerð formannafundar menningarráða landshlutanna og menningarfulltrúa sem haldin var í Reykjavík 30.-31. janúar sl.

3. Úthlutunarhátíð – dagsetning

Ákveðið að stefna á úthlutun föstudaginn 22. mars nk. á Blönduósi.

4. Stofn- og rekstrarstyrkir

Umsóknarfrestur um Stofn- og rekstrarstyrki fyrir árið 2013 rann út 7. feb. sl. Alls bárust 11 umsóknir. Menningarráðið fór yfir umsóknirnar og ræddi þær. Ákvörðun um úthlutun verður tekin á næsta fundi ráðsins, 4. mars nk.

5. Verkefnastyrkir – farið yfir umsóknir

Umsóknarfrestur um Verkefnastyrki rann út 7. feb. sl. Alls bárust 97 umsóknir. Menningarráðið fór yfir umsóknirnar og ræddi þær. Ákvörðun um úthlutun verður tekin á næsta fundi ráðsins, 4. mars nk.

6. Önnur mál

Rætt um ókláruð verkefni frá fyrri árum. Samþykkt að gera gangskör að því að ljúka þeim málum hið allra fyrsta.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 20.00.
Ingibergur Guðmundsson